



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
2. fundur 2013 (33. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 14.03.2013 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Magnús Stefánsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi
Georg E. Friðriksson	Landhelgisgæslan

1. Svæðisskipulag Suðurnesja

Lagt var fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 18.02.2013, þar sem tilkynnt var að stofnunin hefði staðfest svæðisskipulag Suðurnesja þann 18.02.2013.

Lögð voru fram til kynningar drög að starfsreglum viðvarandi samvinnunefndar um svæðisskipulag Suðurnesja.

2. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – kynning á stöðu vinnunnar

Lagt var fram erindi frá Sandgerðisbæ, dags. 08.02.2013, varðandi hugmyndir að framtíðarlegu nýrrar flugbrautar á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2012 - 2030. Bent er á að flugbrautin muni hafa áhrif og rýra landnotkun á öllu mið- og norðanverðu Reykjanesi (Miðnesheiði, Rockville, Sandgerði) og hafa áhrif á atvinnuuppbyggingu.

Skipulagsfulltrúi kynnti vinnu við aðalskipulagið. Eftirfarandi atriði komu fram:

- ▶ Unnið er að greinargerð og upprætti um þessar mundir
- ▶ Ákveðið hefur verið að skoða betur aðra valkosti varðandi brautakerfi. Um er að ræða 6 - 7 valmöguleika. Flugleiðsagan ásamt norskum sérfræðingi vinnur að málinu
- ▶ Leggja þarf fram nýja tímaáætlun um áframhaldandi vinnu en sú fyrri er farin úr skorðum
- ▶ Drög að tillögum verða rýnd af erlendum sérfræðingum

3. Athugasemdir og fyrirspurnir Sigurðar Thoroddsen

Sigurður Thoroddsen lagði fram eftirfarandi fyrirspurnir og athugasemdir:



Boðleiðir

Hvað er að fréttu af samantekt boðleiða á sviði skipulagsmála á Keflavíkurflugvelli, sem ég tel nauðsynlegt að verði unnar og hljóti formlegt samþykki ráðuneytisins. Hér yrði um að ræða yfirlit yfir nefndir og vinnuhópa á svæðinu á sviði skipulagsmála. Hver hafi hafi frumkvæði, hver tekur ákvörðun og hvaða leiðir fara málin.

Í umræðu kom fram að hugmynd að slíku yfirliti hefur verið unnin og verður það lagt fram á næsta fundi.

Aðalskipulag

Hvað er að fréttu af gerð skipulagsreglna fyrir Keflavíkurflugvöll á vegum ráðuneytisins? En slíkar reglur eru nauðsynlegur útgangspunktur vegna endurskoðunar aðalskipulagsins.

Er búið að ráða erlenda aðila til að skoða og kanna nánar legu framtíðarflugbrauta samkv. skipulagstillögum á Keflavíkurflugvelli?

Í umræðu kom fram að ítrekað hefur verið gengið eftir svörum frá ráðuneytinu um afdrif tillagna að skipulagsreglum fyrir Keflavíkurflugvöll en engin svör fást. Varðandi erlenda aðila sjá lið 2. í fundargerð þessari.

Deiliskipulag

Hvað er að fréttu af gerð heildaruppdráttar sem sýnir gildandi stöðu deiliskipulags Flugstöðvarsvæðisins með öllum breytingum?

Í umræðu kom fram að umræddur uppdráttur er í vinnslu. Skipulagsnefndin hvetur til að vinnu við hann ljúki sem fyrst.

Bílaleigur

Hafa bílaleigurnar fengið heimild hjá einhverjum aðila á flugvöllinum til að koma upp nokkurs konar viðleguplássi fyrir ónotaða bíla mánuðum saman vestan FLE? Ég minnst þess ekki að í gildandi deiliskipulagi sé gert ráð fyrir slíku viðleguplássi.

Í umræðu kom fram að uppbyggingu á svæðinu er ekki lokið og því um bráðabirgðaástand að ræða.

4. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 18.04.2013.

Fleira ekki gert, fundi slitið.